




Veðurathuganir ritaðar á kort




Veðrupplýsingar frá hverri stöð eru ritaðar á kort eftir ákveðnum reglum. Upplýsingum er komið fyrir á stöðvarhringnum og umhverfis hann. Þar má sjá hita, þrýsting, skýjategundir og fleira í sjónhendingu og hægt er að draga þrýstilínur, finna lægðir, hæðir, skil og úrkomusvæði o.fl. á sama tíma á öllu kortinu.


Hér er dæmi um eitt veðurskeyti á einni stöð. Áður en tölur fóru að rita skeyti á kort þótti kortaritun fögur listgrein, sérstaklega meðan tveir til þrjár litir bleks voru notaðir. Ekki þarf lengi að liggja yfir stöðvalyklinum til að ná færni í að lesa úr honum.




Hitinn er ritaður í efra vinstra horn stöðvarlykilsins (norðvesturhorn myndarinnar). Hér er hann 5°C. Á upphafsárum kortaritunar var talan skrifuð með rauðu bleki. Prentast nú í rauðu í sumum teikniforritum.




Skýjategundir má finna ofan og neðan við stöðvarhringinn. Efst er tákn fyrir háský og miðskýjatákn þar undir. Lágskýjatákn er neðan við stöðvarhringinn. Hér eru háskýin klósigar, miðskýin eru netjuský, en þau neðstu eru skúraklakkar. Undir lágskýjatákninu er tala sem segir til um hæð lágstu skýja, hér er lykiltalan 4 sem táknar um 500 metra skýjahæð.




Loftþrýstingur er í efra hægra horni stöðvarlykilsins (í norðausturhorni myndarinnar). Talan er þrýstingur í hPa, 9 eða 10 hefur verið sleppt, tugbrotadeili er einnig sleppt. Hér stendur 998. Það táknar að þrýstingur sé 999,8 hPa, hundraðstölunni er sleppt og kommunninn er sleppt. Oftast er mjög auðvelt að sjá af samhenginu á kortinu hvort 9 eða 10 hafi verið sleppt.




Talan lengst til vinstri í annarri röð sýnir skyggni í skyggnislykli. Þar tákna tölur á bilinu 0 til og með 50 skyggni í hundruðum metra, tölur á bilinu 56 til 80 skyggni í kílómetrum að viðbættum 50 (t.d. er 72 = 22 km). Ofan við 80 hleypur skyggnið á 5 kílómetra bilum ofan við 30 (t.d. er 83 = 45 km skyggni). Hæsta talan, 89 tákna að skyggni sé yfir 70 km. Séu tölurnar ofan við 90 er vísað í einfaldari töflu. Skip athuga í þeim lykli og stöku strandstöð langt frá fjöllum; hérlendis aðeins Grímsey. Hér er skyggnið 15 kílómetrar (65 mínus 50).




Innan við skyggnistölna er veðurtákn. Það er eitt 100 tákna sem lýsa veðri á athugunartíma eða þá veðri síðustu klukkustundar (sjá sérstaka skýringartöflu). Hér er skúr á athugunartíma




Skýjahula er fyllt inn í stöðvarhringinn, hér er um heildarskýjahulu að ræða, táknið eru í sértakri töflu. Hér er skýjahula sjö áttunduhlutar (7/8).




Talan til hægri við stöðvarhringinn sýnir breytingu loftþrýstings síðastliðnar 3 klukkustundir í tíunduhlutum hPa, oftast algildi, en stundum er mínusmerki sett við töluna eigi það við. Á eftir tölunni er tákn sem sýnir hvernig þrýstibreytingunni hefur verið háttað. Sérstök táknskýringartafla fylgir. Hér hefur þrýstingur fallið um 0,3 hPa á þremur klukkustundum. Í upphafi breyttist hann lítið, en síðan fór hann að falla.



Vindhraði og stefna er rituð á kortið þannig að lína er dregin í þá átt sem vindur blæs úr. Miðað er við að stöðvarhringurinn sé í gildi áttavita. Vindhraði er táknaður með þverstrikum eða fönum. Stutt þverstrik tákna 5 hnúta vind, en þau lengri 10 hnúta. Fön tákna 50 hnúta. Deila má með tveimur til að fá út vindhraða í m/s (nokkurn veginn). Hér er suðvestanátt 20 hnútar (um 10 m/s).




Talan neðst til vinstri (suðvestan við stöðvarhringinn) táknað daggarmark loftsins í °C. Hér er það -2°C. Á upphafsárum kortaritunar var daggarmarkið skrifað með rauðu bleki og sést nú aftur þannig í sumum tölvuforritum.



Táknið neðst til hægri (suðaustan við stöðvarhringinn) sýnir liðið veður (síðustu 6 klukkustundir á aðalathugunartímum (kl. 6, 12, 18 og 24, en síðustu 3 klukkustundir á öðrum athugunartímum). Sjá sérstaka töflu. Þetta svæði er autt hafi engnar úrkomu, þoku né þrumuveðurs orðið vart. Til vinstri við þetta táknið, rétt til hægri við lágskýjatáknið, er skýjahula lágskýja (áttunduhlutar) eða miðskýja séu lágský engin. Hér er lágskýjahulan þrjú áttunduhlutar (3/8). Lengst í suðaustri er úrkoma frá síðustu úrkomumælingu í millimetrum, sé núll fyrir framan þá er magnið í tíunduhlutum millimetra. Hér á landi er mælt kl. 9 og 18. Hér er talan 07 og táknað 0,7 mm. Á upphafsárum kortaritunar var úrkoman skrifuð með grænu bleki.

Sjálfvirkar stöðvar






























Að jafnaði eru athuganir á sjálfvirkum stöðvum fábreyttari en á þeim mönnuðu. Til aðgreiningar eru sjálfvirkar stöðvar ritaðar með þríhyrningi á kort og minni hringur er innan í honum. Þar eru tvö þverstrík sem tákna að skýjahuluathugun sé ekki gerð.

Kortagreining

Þegar lestur veðurupplýsinga sem settar eru fram á þennan veg kemst í vana er hægt að taka til við greiningu veðurkortsins. Þá eru dregnar jafnþrýstilínur, stundum jafnhitalínur eða jafndaggarmarkslínur auk skila, úrkomusvæða og sérstakra greiningartákna fyrir skúrir, él, þoku og fleira.

<http://www.vedur.is/vedur/athuganir/greining/#teg=isl>

Skýjatákn og forgangur þeirra

Forgangur – minnkandi til hægri									
Háský									
	H9	H7	H8	H6	H5	H4	H3	H2	H1
Miðský									
	M9	M8	M7	M6	M5	M4	M3	M2	M1
Lágský									
	L9	L3	L4	L8	L2	L1	L5	L6	L7











Algennt er að fleiri en ein skýjategund sé á lofti í sama hæðarflokki. Í veðurskeytum er aðeins rúm fyrir eina tegund í hverri hæð. Taflan sýnir þá forgangsröðun sem notuð er. Í töflunni táknar H háskýjaflokk, M miðskýjaflokk og L lágskýjaflokk. Tölurnar eru lykiltölur í veðurskeyti, hver hæðarflokkur á þar einn dálk. Takið eftir því að í miðskýjaflokknum hafa hærri tölur ætíð forgang á lægri. Ein undantekning er í háskýjaflokknum (H7 hefur forgang á H8), en í lágskýjaflokknum er forgangsröðin mjög ólík tölunum. Mikilvægast er talið að fréttu af skúraskýjum og bólstrar hafa forgang á flákaský og þokuský.

Algennt er að athugunarmaður sjái skúraklakka (L9) og flákaský (L5) samtímis. Þar sem L9 hefur forgang á L5 er táknið fyrir skúraklakka aðeins teiknað.











Veður á athugunartíma (táknalisti)

Í veðurskeytum er veður á athugunartíma flokkað í 99 mismunandi veðurflokka. Tugagildið gefur vísbendingu um hvers konar veðurfyrirbrigði er að ræða, en aftari stafurinn greinir frá nánari flokkun. Eftir 1981 eru táknið í sætum 1 til 4 venjulega ekki rituð á kort.

Lykill 00-09 Almennur flokkur. Engin úrkoma, þoka, sandfok, þrumur eða skafrenningur á athugunartíma (nema 09) eða á síðustu klukkustund.

00	01	02	03	04	05	06	07	08	09
									
Breyting skýja ekki athuguð eða ekki hægt að athuga hana. Ekki rituð á kort.	Ský hafa hjaðnað eða minnkað (horfið ef heiðskírt er á athugunartíma). Ekki rituð á kort.	Skýin að mestu óbreytt eða heiðskír himinn á síðustu klukkustund. Ekki rituð á kort.	Ský hafa myndast eða færst í aukana. Ekki rituð á kort.	Reykur. Skyggni takmarkað vegna reyks frá verksmiðjum, gróðureldum eða öskumistri.	Þurrmistur. Rykagnir ósýnilegar berum augum.	Rykmistur. Í loftinu er ryksveimur en rykið þýrlast þó ekki upp á athugunarstað eða í grennd við hann. Rykagnir eru a.m.k. að einhverju leyti sýnilegar með berum augum.	Lítillháttar moldrok eða sandfok. Sveimur af ryki eða moldar eða sandögnum sem þýrlast upp á athugunarstað. Sandstrókar sjást þó ekki og ekki er sandbylur.	Greinilegir ryk- eða sandstrókar á athugunartíma eða á síðustu klukkustund, en þó hvorki sandbylur né moldrok.	Sandbylur eða verulegt moldrok eða sandfok sjáanlegt á athugunartíma eða hefur verið á athugunarstað síðustu klukkustund. Skyggni þá innan við einn km.

Lykill 10-19 Almennur flokkur: Engin úrkoma á athugunarstað á athugunartíma eða á síðustu klukkustund (þó mögulega í tölu 17).

10	11	12	13	14	15	16	17	18	19
									
Pokumóða. Skyggni 1 km eða meira. Loft gráleitt og rakt. Móðan stafar af mjög smáum vatns - dropum eða ískristöllum.	Lágbokublettir (dalalæða eða sjólæða) við athugunarstað. Mesta hæð þokunnar 2 m á landi en 10m á sjó. Áætlað skyggni inni í þokunni minna en 1 km.	Nokkurn veginn samfelld lágboka, mesta hæð þokunnar 2 m á landi en 10m á sjó. Áætlað skyggni inni í þokunni minna en 1 km.	Leiftur (rosaljós) sjáanleg en engin skrugga heyrast.	Úrkoma sjáanleg en nær ekki til jarðar	Úrkoma í grennd. Úrkoma sjáanleg og nær til jarðar í meira en 5 km fjarlægð frá athugunarstað.	Úrkoma í grennd. Úrkoma sjáanleg og nær til jarðar í minna en 5 km fjarlægð frá athugunarstað. Engin úrkoma á stöðinni.	Skruggur heyrast en engin úrkoma er á athugunarstað.	Rokur, ein eða fleiri, á eða í grennd við stöðina á athugunartíma eða á síðustu klukkustund. Roka þarf að vera 10 m/s hvassari en meðalvindur.	Skýstrokkur eða vatnsstrókar hafa sést á athugunarstað eða í grennd við hann á síðustu klukkustund eða á athugunartíma.











Lykill 20-29 Úrkoma, þoka eða þrumuveður á athugunarstað á síðustu klukkustund en ekki á athugunartíma.

20	21	22	23	24	25	26	27	28	29
Úði (þó ekki frostúði) á síðustu klukkustund en féll ekki í skúrum.	Rigning, ekki frostrigning, á síðustu klukkustund, en féll ekki í skúrum.	Snjócoma á síðustu klukkustund, en féll ekki sem él.	Rigning og snjór (slydda) eða ískorn á síðustu klukkustund, féll ekki sem él.	Frostúði eða frostrigning á síðustu klukkustund, féll ekki sem skúr.	Skúrir á síðustu klukkustund.	Snjó- eða slydduél á síðustu klukkustund.	Haglél (íshagl, hagl eða snæhagl) eða skúrir og haglél á síðustu klukkustund.	Þoka, skyggni minna en 1 km á síðustu klukkustund en ekki á athugunartíma.	Þrumuveður (með eða án úrkomu) á síðustu klukkustund.











Lykill 30-39 Moldrok, sandfok, sandbylur (skyggni minna en 1 km) eða skafrenningur

30	31	32	33	34	35	36	37	38	39
Moldrok eða sandfok. Hefur farið minnkandi síðustu klukkustund. Skyggni minna en 1 km.	Moldrok eða sandfok því sem næst óbreytt á síðustu klukkustund. Skyggni minna en 1 km.	Moldrok eða sandfok hefur byrjað eða aukist á síðustu klukkustund. Skyggni minna en 1 km.	Sandbylur sem hefur minnkað á síðustu klukkustund. Skyggni minna en 1 km.	Sandbylur hefur haldist lítið breyttur síðustu klukkustund. Skyggni minna en 1 km.	Sandbylur hefur skolið á eða aukist á síðustu klukkustund. Skyggni minna en 1 km.	Lítls háttar eða miðlungs lágarenningur. Skafrenningur sem nær minna en mannhæð frá jörðu.	Mikill lágarenningur. Skafrenningur sem nær minna en mannhæð frá jörðu.	Lítls háttar eða miðlungs háarenningur, skafrenningur sem nær meir en mannhæð frá jörðu. Skyggni minna en 500 metrar.	Mikill háarenningur (skafbál, kóf) sem nær meir en mannhæð frá jörðu. Skyggni minna en 500 metrar.











Lykill 40-49 Þoka á athugunartíma. Nær meir en mannhæð frá jörðu. Skyggni á athugunarstað minna en 1 km (nema ww=40 og =41)

40	41	42	43	44	45	46	47	48	49
									
Þoka í grennd, en hefur ekki verið á stöðinni síðustu klukkustund og er ekki í blettum. Áætlað skyggni í þokunni er minna en 1 km.	Þokublettir. Skyggni á athugunarstað meira en 1 km, en áætlað minna en 1 km í þokublettum.	Þoka. Sér til himins eða skýja fyrir ofan (hefur gisnað síðustu klukkustund).	Þoka. Sér ekki til himins eða skýja fyrir ofan (hefur gisnað síðustu klukkustund).	Þoka. Sér til himins eða skýja fyrir ofan. Því sem næst óbreytt síðustu klukkustund.	Þoka. Sér ekki til himins eða skýja fyrir ofan. Því sem næst óbreytt síðustu klukkustund.	Þoka. Sér til himins eða skýja fyrir ofan. Hefur skolið á eða orðið dimmari síðustu klukkustund.	Þoka. Sér ekki til himins eða skýja fyrir ofan. Hefur skolið á eða orðið dimmari síðustu klukkustund.	Hrímpoka. Sér til himins eða skýja fyrir ofan.	Hrímpoka. Sér ekki til himins eða skýja fyrir ofan.











Lykill 50-59 Úði (súld) eða úði og rigning

50	51	52	53	54	55	56	57	58	59
									
Lítills háttar úði með uppstyttum.	Óslitinn úði, miðlungspéttur á athugunartíma.	Miðlungspéttur úði með uppstyttum á athugunartíma.	Miðlungspéttur, óslitinn úði á athugunartíma.	Mikill úði með uppstyttum.	Mikill, óslitinn úði.	Lítlisháttar frostúði.	Miðlungspéttur eða mikill frostúði.	Lítills háttar rigning og úði (súld).	Miðlungs eða mikil rigning og úði (súld).

Lykill 60-69 Rigning (60-65), frostrigning (66-67), slydda (68-69)

60	61	62	63	64	65	66	67	68	69
									
Rigning með uppstyttum.	Óslitin rigning á athugunartíma.	Miðlungsmikil rigning með uppstyttum.	Miðlungsmikil, óslitin rigning.	Mikil rigning með uppstyttum.	Óslitin, mikil rigning.	Lítlisháttar frostrigning.	Miðlungsmikil eða mikil frostrigning.	Lítlisháttar slydda.	Miðlungsmikil eða mikil slydda.

Lykill 70-79 Snjókoma, úrkoma í föstu formi, þó ekki í éljum

70	71	72	73	74	75	76	77	78	79
									
Lítlisháttar snjókoma með uppstyttum.	Lítlisháttar snjókoma, en óslitin.	Miðlungsmikil snjókoma með uppstyttum.	Miðlungsmikil, óslitin snjókoma.	Mikil snjókoma, með uppstyttum.	Óslitin, mikil snjókoma.	Ísnálar (hrímsveimur, með eða án þoku).	Kornsnjór, með eða án þoku.	Stakir snjókristallar (með eða án þoku).	Ískorn (glært kornhagl).

Lykill 80-90 Skúra- eða éljaveður, 91-99 Þrumuveður

80	81	82	83	84	85	86	87	88	89
Skúr, lítilsháttar.	Miðlungsmikil eða mikil skúr.	Skúr, mjög mikil (skýfall).	Lítillsháttar slydduél.	Miðlungsmikið eða mikið slydduél.	Lítillsháttar snjóél.	Miðlungsmikið eða mikið snjóél.	Haglél (snæhagl). Lítillsháttar, með eða án regns eða slyddu..	Miðlungsmikið eða mikið haglél (snæhagl), með eða án regns eða slyddu.	Íshaglél, lítillsháttar, með eða án regns eða slyddu en ekki samfara þrumuveðri.
90	91	92	93	94	95	96	97	98	99
Íshaglél, miðlungsmikið eða mikið, með eða án regns eða slyddu, en ekki samfara þrumum.	Þrumuveður á síðustu klukkustund og lítillsháttar rigning á athugunartíma.	Þrumuveður á síðustu klukkustund og miðlungs eða mikil rigning á athugunartíma.	Þrumuveður á síðustu klukkustund og lítillsháttar snjókoma, slydda eða hagl á athugunartíma.	Þrumuveður á síðustu klukkustund og miðlungs eða mikil snjókoma, slydda eða hagl á athugunartíma.	Lítillsháttar eða miðlungs þrumuveður samfara regni, slyddu eða snjókomu, en ekki hagli á athugunartíma.	Lítillsháttar eða miðlungs þrumuveður samfara hagli á athugunartíma.	Mikið þrumuveður samfara regni, slyddu eða snjókomu á athugunartíma, en ekki hagli.	Þrumuveður samfara sandbyl á athugunartíma.	Mikið þrumuveður samfara hagli á athugunartíma.

Skýjahulutákn

Tíu tákn sem sýna skýjahulu í áttunduhlutum eða að ekki sjáist til skýja


Heiðskírt,
engin ský


Skýjahula
1/8


Skýjahula
2/8


Skýjahula
3/8



Skýjahula
4/8


Skýjahula
5/8


Skýjahula
6/8


Skýjahula
7/8


Alskýjað
skýjahula
8/8


Sér ekki til
lofts vegna
þoku, skaf-
rennings eða
áþekkra fyrir-
brigða.



Þrýstibreytingatákn

	lykill	tákn	Lýsing
Þrýstingur hærrí en fyrir 3 tímum	0		Stígandi, síðan fallandi, getur verið jafnhár
	1		Stígandi, síðan óbreyttur eða stígandi og síðan minna stígandi
	2		Stígandi, jafnt eða óreglulega
	3		Fallandi eða óbreyttur, síðan stígandi; eða stígandi og síðan örrar stígandi
Þrýstingur nákvæmlega óbreyttur	4		Þrýstingur jafn og fyrir 3 klst, stöðugur eða sveiflukenndur
Þrýstingur lægri en fyrir 3 tímum	5		Fallandi, síðan stígandi
	6		Fallandi, síðan óbreyttur; eða fallandi og síðan hægar fallandi
	7		Fallandi, jafnt eða óreglulega
	8		Óbreyttur eða stígandi, síðan fallandi; eða fallandi og síðan örrar fallandi


Táknin sýna hegðan þrýstirita síðustu þrjár stundir. Gagnlegar upplýsingar þegar lægðir nálgast eða fjarlægjast, eða ef veðraskil hafa farið yfir.

Vindhraði og vindátt

Vindhraði. Strik ú frá stöðvarhring sýna vindátt en strik og veifur vindhraða. Logn er táknað þannig að hringur er dreginn utan við stöðvarhring/skýjahulutákn á kortinu. Stutt strik tákna 5 hnúta, en lengra strik 10 hnúta. Fimmtíu hnútar eru táknaðir með veifu, en sambland veifu og strika sé vindhraði enn meiri. 1 m/s er mjög nálægt því að vera 2 hnútar, stutt strik tákna því 2,5 m/s en lengri strik 5 m/s og veifa tákna 25 m/s.








Vindhraði	0-2 hn	3-7 hn	8-12 hn	13-17 hn	18-22 hn	23-27 hn	28-32 hn	33-37 hn	48-52 hn	53-57 hn	58-62 hn	63-67 hn	98-102 hn	102-107 hn
Jafnað að næstu 5 hnútum	0 hn	5 hn	10 hn	15 hn	20 hn	25 hn	30 hn	35 hn	50 hn	55 hn	60 hn	65 hn	100 hn	105 hn
Teiknað sem														

Vindur úr 340° (NNV)	Vindur úr 040° (NA)	Vindur úr 190° (S)
-------------------------	------------------------	-----------------------



Vindstefnan er táknuð með löngu striki, strikið byrjar við þá átt á áttahring sem vindur blæs úr, skipt er í 36 áttir.

Veður á undan athugun - liðið veður

Sýna helsta veður síðustu 6 klst (3 klst í athugunum kl. 3, 9, 15 og 21)									
0	1	2	3	4	5	6	7	8	9
Ekki ritað. Hálfskýjað eða minna allt tímabilið.	Ekki ritað. Hálfskýjað eða minna hluta tímans, en annars meira en hálfskýjað.	Ekki ritað. Meir en hálf- skýjað allt tímabilið.							
			Moldrok, sandbylur, sandfok eða skafrenningur.	Þoka, skyggni minna en 1 km.	Úði (súld).	Rigning.	Snjócoma eða slydda.	Skúrir eða él.	Þrumuveður með eða án úrkomu.

Töflurammar og tákmyndir eru af vefsíðu bandarísku veðurstofunnar (NOAA), en textinn úr *Reglum um leiðbeiningar um veðurskeyti og veðurathuganir* (VÍ 1992).

<http://www.srh.noaa.gov/jetstream/synoptic/wxmaps.htm#ww>

http://www.srh.noaa.gov/jetstream/synoptic/sfc_plot_symbols.htm#c